



Kortaveltutölur benda til að áfram dragi úr vexti einkaneyslu.

Eftir kröftugan vöxt einkaneyslu seinustu ár bendir nú flest til að verulega dragi úr. Nýbirtar tölur um greiðslukortanotkun virðast staðfesta að svo sé.

Einkaneysla er um helmingur af landsframleiðslunni hér á landi. Þróun hennar hefur því mikil áhrif á hagvöxt. Þannig var framlag aukningar einkaneyslu til hagvaxtar á seinasta ári 2,4% en hagvöxtur var 4,6%. Árið 2017 var framlag einkaneyslu til hagvaxtar 4,0%, en hagvöxtur 4,6%.

Dregur úr krafti aukningarinnar

Ef við skoðum einkaneyslu niður á fjórðunga sést að vendipunkturinn virðist hafa verið á fjórða ársfjórðungi seinasta árs, en á þeim fjórðungi jókst einkaneysla að raunvirði um 3,3% eftir að hafa aukist um meira en 5% samfellt síðan á 3. ársfjórðungi 2015.


Kortaveltutölur sem Seðlabankinn birti nýverið benda til þess að áframhald sé á þessari þróun á fyrsta ársfjórðungi 2019. Kortavelta á fyrsta ársfjórðungi jókst að raunvirði um 1,3% milli ára í samanburði við 2,7% á 4. ársfjórðungi og samfellda aukningu um meira en 5% frá 4. ársfjórðungi 2014.

Einkaneyslan innflutt

Óhætt er að segja að Íslendingar hafi verið mjög duglegir við að strauja kortin sín erlendis seinustu ár. Eitt sem einkennt hefur einkaneyslu seinustu ár er að hve miklu leyti aukningin hefur verið erlendis, annar vegar í gegnum netverslun og hins vegar á ferðum Íslendinga erlendis. Þetta hefur haft ýmiskonar áhrif. Þetta skýrir að hluta til hvers vegna mikill hagvöxtur seinustu ár hefur ekki skilað sér að jafn miklu leyti inn í verðlag hér á landi og áhyggjur voru um.


Seinustu ár hefur velta innlendra korta erlendis (leiðrétt fyrir gengisbreytingum) aukist um tugi prósentu milli ára. Aukningin fór hæst í 57% í febrúar 2017. Á sama tíma hefur aukningin í verslun hér á landi að mestu legið á bilinu 0 til 10%.

Einkaneysla og kortavelta



Ársfjórðungsleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun innanlands raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands

Kortavelta í verslun innanlands og velta erlendis



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun innanlands raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis.
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands



Nokkuð hratt hefur dregið saman milli aukningar innanlands og erlendis. Mars 2019 var fyrsti mánuðurinn síðan í febrúar 2013 sem velta innlendra korta erlendis dróst saman milli ára, en hún dróst þá saman um 1,1%.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.